

# Ísótóparannsókn af magatæmingu

Ísótóparannsóknin veitir upplýsingar um hvernig maginn tæmir sig. Gera þarf ráð fyrir að rannsóknin taki um fjórar klukkustundir.

## Undirbúningur

Fasta þarf á mat og drykk frá miðnætti.

## Rannsóknardagur

- Til að hægt sé að skoða hvernig maginn tæmir sig, þarf að borða einfalda máltíð við upphaf rannsóknar. Þú færð því samloku með eggjum sem í er blandað örlitlu geislavirku efni og glas af vatni með.
- Í rannsókninni er settið við myndavél sem nemur geislun frá líkamanum.
- Myndatakan er endurtekin reglulega þar til stærstur hluti matarins er farinn úr maganum.



Best er að nota inngang Eiríksgrötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á því að bílastæðin eru gjaldskyld.

### Rannsóknin:

- Undirbúningsmáltíð.
- Stutt myndataka á 15 mínútna fresti.
- Rannsóknin tekur allt að fjórar klukkustundir.

## Eftir rannsókn

Niðurstöður rannsóknaðar berast innan viku til þess læknis sem pantaði rannsóknina.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Ísótópastofa Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, [isotop@landspitali.is](mailto:isotop@landspitali.is)